

Fimmtudaginn 15. janúar 1981.

Nr. 2/1980. **Vöruflutningamiðstöðin h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Gunnari Ásgeirssyni h/f

(Gylfi Thorlacius hrl.).

Flutningar. Farmbréf.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. janúar 1980, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 16. gr. og 3. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 sama dag. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi mótmælir því ekki, að sér hafi verið kunnugt um þann fyrirvara, sem áfrýjandi gerði um ábyrgð sína í prentuðum farmbréfseyðublöðum sínum, en heldur því fram, að hann hafi ekki viljað á þann fyrrvara fallast. Meðal annars af þeim sökum hafi farmbréf um sendinguna verið ritað á farmbréfseyðublað hans sjálfs, sem engin ákvæði geymdu um ábyrgð flytjanda á þeim varningi, sem tekinn var til flutnings.

Í málinu er ekkert komið fram um, að áfrýjandi hafi sérstaklega áskilið sér gagnvart stefnda, er hann veitti sendingunni viðtöku til flutnings eða áður, að um ábyrgð sína færi eftir þeim fyrirvara, sem prentaður var á farmbréfseyðublað hans sjálfs. Áfrýjanda var þetta þó í lófa lagið, ef hann vildi halda fyrirvaranum til streitu. Samkvæmt þessu og þar sem áfrýjandi hafði sérstaka ástæðu til þess að ætla, svo sem farmbréfið frá stefnda var úr garði gert, að hann vildi ekki hlíta greindum skildaga, verður ekki talið, að skil-

dagi þessi hafi gilt í þeim lögskiptum, sem hér er um fjallað. Þar sem enn fremur er með öllu óupplýst, með hverjum atvikum sendingin glataðist, eftir að áfrýjandi veitti henni viðtöku, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.00 krónur (nýkr.).

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, greiði stefnda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, 2.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. júlí 1979.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 21. júní sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 5. júní 1978, af Gunnari Ásgeirssyni h/f, Suðurlandsbraut 16 hér í borg, gegn Vöruflutningamiðstöðinni h/f, Borgartúni 21, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16.894 með 2½% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 3. desember 1976 til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst algerrar sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

Sáttatilraunir dómsins báru ekki árangur.

Málavextir eru þeir, að hinn 16. ágúst 1976 kom starfsmaður stefnanda í afgreiðslu stefnda með pakka frá stefnanda, og var pakkinn merktur Gestí Fanndal, Siglufirði. Með pakkanum, sem í voru loftnet, var fylgibréf frá stefnanda. Starfsmaður stefnda tók við pakkanum og kvittaði fyrir móttöku á fylgibréfið, og fékk starfsmaður stefnanda afrit bréfsins í hendur. Flutningskostnaður var greiddur. Móttakandi vörunnar á Siglufirði kvartaði við stefnanda um, að varan hefði ekki komið fram, og við athugun kom í ljós, að bifreiðarstjórinn, sem ók vörunni á vegum stefnda til Siglufjarðar, taldi pakkann ekki hafa komið fram við affermingu á Siglufirði, og hefur pakkinn ekki fundist síðan. Pakkinn hvarf þannig gersamlega, eftir að honum var veitt viðtaka í afgreiðslu stefnda hér í borg. Stefndandi krafði stefnda um

andvirði vörunnar, kr. 16.894, en stefndi hefur alfarið hafnað greiðslu.

Stefnandi styður kröfu sína þeim rökum, að stefndi, sem sé mestu samtök farmflytjenda á landi og taki að sér að flytja vöru og afhenda hana, beri alfarið ábyrgð á þeim vöruflutningum, sem hann taki að sér. Stefndi hafi ekki mótmælt því, að varan hafi glatast í meðförum hans, en neiti hins vegar greiðsluskyldu sinni og telji sig ekki bera ábyrgð á vörunni. Deilan í máli þessu sé því um það, hvort stefndi eigi að bera ábyrgð á vöru, sem komin sé í hans vörslu, eða ekki. Stefnandi bendir á, að meginregla íslensks réttar sé sú, að farmflytjandi, sem takist á hendur flutning á vöru gegn flutningsgjaldi, beri ábyrgð á vörunni, meðan hún sé í hans vörslu. Glatist varan, efir að hún sé komin í vörslu farmflytjanda, beri farmflytjandinn sönnunarbyrði um það, að glötun vörunnar hafi orðið, án þess að vanrækslu af hans hendi eða mistökum væri um að kenna. Meginregla þessi komi fram í 99. gr. siglingalaga nr. 66/1963 og 114. gr. og 116. gr. loftferðalaga nr. 34/1964 og 67. og 74. gr. umferðarlaga, eins og Hæstiréttur hafi staðfest í dómi sínum 5. nóvember 1969 í málinu nr. 40/1969: Gunnar og Ebenezer h/f og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f gegn Gunnari Kjartanssyni og gagnsök. Í máli því, sem nú sé fyrir bæjarþinginu, hafi stefndi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, á engan hátt reynt að sýna fram á, að ekki væri um vanrækslu eða mistök að ræða hjá stefnda, og sé því ljóst, að hann beri skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda og beri að bæta honum það. Samningur aðilja hafi verið á þessa leið, þar sem stefndi hafi tekið að sér án nokkurra athugasemda að flytja vöruna gegn gjaldi og skila henni til viðtakanda. Með samningi þessum hafi stefndi tekið á sig ábyrgð á varðveislu vörunnar og hann hafi sérstaka vörugeymslu til þess arna og stefnandi hafi í öllu mátt treysta því, að stefndi uppfyllti skyldur sínar að þessu leyti. Viðskiptavenjur á þessu sviði falli í þessa sömu átt og dómur hafi staðfest þessar reglur. Það, sem stefndi beri fyrir sig, sé prentuð athugasemd á fylgiblöðum stefnda sjálfs, sem hljóði þannig: „Við viljum vekja sérstaka athygli á því, AÐ VIÐ BERUM EKKI ÁBYRGÐ Á VÖRUM, sem liggja í vörugeymslum okkar eða eru í flutningum á okkar vegum. Eru þær að öllu leyti á ábyrgð eigenda og/eða sendanda, og getum við því ekki bætt tjón á þeim ef þær skemmast eða glatast. VIÐ VILJUM ÞVÍ BENDA SENDANDA Á AÐ VÁTRYGGJA VÖRUNA.“ En stefnandi bendi á, að fyrirvara þessum á eyðublöðum stefnda hafi verið mótmælt af

stefnanda og fleiri fyrirtækjum og félagi þeirra, Félagi íslenskra stórkaupmanna, enda hafi stefnandi ekki notað eyðublöð stefnda, þar sem þessi fyrirvari sé pentaður. Stefnandi hafi jafnan afhent stefnda vörurnar með eigin prentuðum fylgibréfum og það hafi verið látið athugasemdalaust af hálfu stefnda. Slíkur almennur fyrirvari um ábyrgðarleysi af stefnda hálfu í formi þessara prentuðu orða á fylgiblaðseyðublaði, sem stefnandi hafi ekki notað, gildi ekki gagnvart stefnanda og geri það ekki að verkum, að stefndi geti borið fyrir sig ábyrgðarleysi í þessu tilviki. Um svipað tilvik hafi verið dæmt í dómi Hæstaréttar 11. desember 1975 í málinu nr. 18/1973: Gylfi Guðmundsson gegn H/f Eimskipafélagi Íslands. Þar hafi félagið borið fyrir sig, að það hafi á hausti hverju birt í dagblöðum tilkynningu þess efnis, að félagið bruna-tryggði ekki vörur viðskiptamanna í vörugeymslum og lægju vörurnar því þar á ábyrgð vörueiganda. Um þetta segi Hæstiréttur: „Þessar almennu auglýsingar stefnda geta ekki leyst hann undan ábyrgð á tjóni áfrýjanda.“ Slíkum almennum auglýsingum megi alfarið jafna við hina prentuðu fyrirvara á eyðublöðum stefnda, sem ekki hafi verið notuð í máli þessu, og sé því ljóst, að Hæstiréttur hafi hér skapað fordæmi í þessu ágreiningsefni. Þannig hafi bæði verið dæmt um ábyrgð farmflytjanda eins og stefnda í máli þessu og sönnunarbyrði hans og einnig um það, að farmflytjandinn geti ekki leyst sig undan slíkri ábyrgð með almennum tilkynningum. Samningur aðilja skeri úr um þetta og stefnandi hafi afhent sitt eigið fylgibréf með vörunni og starfsmaður stefnda hafi athugasemdalaust tekið við því og þar með hafi á engan hátt verið samið um, að stefndi bæri ekki ábyrgð á vörunni, meðan hún væri í hans vörslu.

Stefndi andmælir þessum sjónarmiðum stefnanda og styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi tekið upp þá stefnu að hafa þá skilmála í flutningasamningum, að hann beri ekki ábyrgð á vörum, sem liggi í vörugeymslum hans eða séu í flutningum á hans vegum og að þær séu að öllu leyti á ábyrgð eigenda og/eða sendanda, eins og fyrirvarinn segi, sem áður var greindur. Þessir skilmálar séu prentaðir á fylgibréfaeyðublöð stefnda og hafi verið kynntir öllum heilidsölum, eins og stefnandi reyndar hafi upplýst. Stefnanda hafi verið kunnugt um þennan fyrirvara stefnda, eins og fram sé komið og óumdeilt sé í málinu, og hann hafi kosið að nota þjónustu stefnda með þeirri áhættu, sem því hafi fylgt og honum hafi verið kunnugt um. Stefndi hafi tekið þessa stefnu vegna þess, að honum hafi ekki

tekist að fá váryggingarsamning hjá neinu tryggingarfélagi til þess að vátryggja vörur í hans vörslum, og hafi hann því ekki átt annars úrkosti en að firra sig ábyrgðinni. Stefnanda og öðrum sendendum hafi verið í lófa lagið að vátryggja sjálfir vörurnar í meðförum stefnda og það sé einkamál stefnanda, hvort hann hafi gert það eða ekki. Þótt stefnandi hafi notað eigin fylgibréfaeyðublað, eins og nokkrir heildsalar aðrir hafi kosið, breyti hér engu, þar sem fyrirvari stefnda standi óhaggaður og öllum kunnur, hvaða eyðublöð sem notuð séu. Stefnandi hafi aldrei mótmælt sjálfur þessum fyrirvara stefnda um ábyrgðarleysi og Félag íslenskra stórkaupmanna hafi heldur ekki gert það. Einn einasti heildsali hafi andmælt þessum fyrirvara, Ó. Johnson & Kaaber h/f, og hafi það oft verið rætt milli forsvarsmanna stefnda og þess fyrirtækis. Þannig sé fyrirvarinn forsenda stefnda í flutningasamningunum og það hafi stefnandi vitað og einnig hafi hann vitað, að stefndi hefði alls ekki tekið að sér að flytja vöruna, ef sérsamningar hefðu átt að gilda um stefnanda að þessu leyti. Á hinn bóginn megi líta á kröfur og sjónarmið stefnanda þannig, að hann efist um, að stefnda hafi yfirleitt verið heimilt að undanskilja sig ábyrgðinni, eins og hér sé um ófrávíkjanlega reglu að ræða. En það geti ekki verið, þar sem ábyrgðarregla vörslumanns sé meginregla og aðiljum sé í sjálfsvald sett að semja á annan hátt skv. meginreglunni um samningafrelsi. Eftir að mál þetta hafi komið upp, hafi stefndi til öryggis tekið alfarið fyrir, að nokkrir notuðu eigin fylgibréfaeyðublöð, og hafi stefnandi sem aðrir viðskiptavinir stefnda frá 1. janúar sl. notað eyðublöð stefnda með hinum prentaða fyrirvara.

Niðurstaða.

Eins og rakið hefur verið, afhenti stefnandi stefnda vöru, sem skyldi flutt til Siglufjarðar, en varan hvarf eftir það, og hefur hvergi til hennar spurst. Stefndi ber fyrir sig yfirlýsingu sína á prentuðu fylgibréfi um það, að hann beri ekki ábyrgð á vörum, sem liggi í vörugeymslum hans eða séu í flutningum á hans vegum, og að vörurnar séu að öllu leyti á ábyrgð eigenda eða sendanda. Stefnandi vissi um áskilnað þennan, en fylgibréf stefnda var ekki notað í flutningasamningi þeim, sem mál þetta snýst um, heldur fylgibréf stefnanda sjálfs.

Í máli þessu er annars vegar deilt um það, hvort stefnandi hafi samið sig undir áskilnað stefnda um ábyrgðarleysi á vörum í hans vörslu, og hins vegar um það, hvaða gildi slíkur áskilnaður hafi.

Með lögjöfnun frá 119. og 120. gr. laga nr. 34/1964 verður að

telja, að stefndi geti ekki, svo gilt sé, leyst sig undan ábyrgð á tjóni á vörum í hans vörslu, sem valdið er af starfsmönnum hans af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Jafnvel þótt stefnandi hefði notað fylgibréf stefnda með áskilnaðinum um ábyrgðarleysi stefnda, þá hefði undanþága stefnda frá bótaábyrgð ekki gildi, þegar um slíka sök væri að ræða.

Stefnandi hafði engin tók á að fylgjast með meðferð vörunnar, eftir að starfsmaður stefnda tók við henni og hún skyldi flutt með bifreið stefnda til Siglufjarðar. Telja verður því, að stefndi beri sönnunarbyrði í málinu. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að varan hafi glatast, án þess að ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmanna hans sé um að kenna, og verður hann því talinn bera skaðabótaábyrgð á tjóni stefnanda. Verður stefnda því gert að greiða stefnanda stefnukröfuna ásamt vöxtum, en dráttarvextir verða ekki dæmdir. Verður stefnda einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 150.000.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Vöruflutningamiðstöðin h/f, greiði stefnanda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, kr. 16.894 með 16% ársvöxtum frá 3. desember 1976 til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 150.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
